



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2005

Tilvísun: UST20040600013/bs

Efnistaka á Blikastaðnesi. Matsskylda

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. mars sl. þar sem fram koma skýringar ÍAV á því misræmi sem Umhverfisstofnun taldi að væri í gögnum ÍAV um efnistöku á Blikastaðnesi.

Umhverfisstofnun telur að í svörum ÍAV sé ekki gerð fullnægjandi grein fyrir því ósamræmi sem er á vinnanlegu efni í námunni miða við gögn í greinargerð ÍAV og því magni sem taka má án þess að um matsskylda efnistöku sé að ræða. Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt meðfylgjandi útreikningum þá geti efnistaka á um 70 % þess svæðis sem afmarkað er í gögnum ÍAV gefið allt að 250.000 m³ af efni.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þar sem efnistakan sem slík breytir engu um fyrirhugaða landnýtingu á efnistökusvæðinu, þ.e. sem hluta golfvallar. Þar sem framkvæmdaraðili fyrirhugar að halda efnistökkunni inna þeirra marka sem tilgreind eru í 21. tölulið 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum telur Umhverfisstofnun mikilvægt að vel sé fylgst með því heildarmagni sem tekið verður úr námunni.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson

Hjálagt: Hugsanlegt efnismagn í námu

Hæð botns y s. [m]	Þykki jarðvegs [m]	Hæð hraesta punkts í hlö y s. [m]	Hæð lægsta punkts í hlö y s. [m]	Flatarmál botnflatar [m ²]	Hæð státs [fær sjó (hraesti punktur)] [m]	Hæð státs nær sjó (lægsti punktur)] [m]	Rúmmál efnistöku [m ³]
7	3	14	10	25 245	4	0	50 490
7	2	14	10	25 245	5	1	75 735
7	1	14	10	25 245	6	2	100 980
4	3	14	10	25 245	7	3	126 225
4	2	14	10	25 245	8	4	151 470
4	1	14	10	25 245	9	5	176 715
3	3	14	10	25 245	8	4	151 470
4	2	14	10	25 245	8	4	151 470
3	2	14	10	25 245	8	4	151 470
3	2	14	10	25 245	9	5	176 715
2	1	14	10	25 245	11	7	227 205
2	2	14	10	25 245	10	6	201 960
2	0	14	10	25 245	12	8	252 450
3	0	14	10	25 245	11	7	227 205
4	0	14	10	25 245	10	6	201 960
5	0	14	10	25 245	9	5	176 715
6	0	14	10	25 245	8	4	151 470

Forsendur útreiknings á rúmmáli námunnar

Rúmmál námunnar var áætlað með einföldum þrívíðum hlut með látréttum ferhyrindum botni og hallandi efri hluta. Lengdarmál eru valin svo að hluturinn kemst að mestu fyrir innan í námunni. Með þessu er rúmmál hlutarins minna en rúmmál námunnar og gefur því neðri mörk á efnistöku.

Botnhlötur er áætlaður 99 m á breidd og 255 m á lengd (kvarði kortsins 1:3000 gefur 1cm = 30m). Gert er ráð fyrir hreinsun jarðvegs ofan af námunni og er hann ekki með í rúmmáli efnistöku. Lægsti og hraesti punktur í hlö eru áætlaðir út frá hæðarlínun kortsins og eru gefnir í metrun yfir sjávarmáli.

